

Sp.

427. Nefndarálit

[83. mál]

um till. til þál. um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um tillöguna. Þrír nefndarmenn (IG, DÁ og PP) vildu láta samþykkja hana óbreytta, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að hún verði afgreidd með rökstuddri dagskrá. Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Nefndin fékk álit raforkumálastjóra um tillöguna, og er það birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Fellst meiri hl. n. á þau sjónarmið, sem þar koma fram, og leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð framkvæmd tillögunnar mundi seinka dreifingu raforku um Austur-Skaftafellssýslu og virkjun Smyrlabjargaár í samræmi við hina endurskoðuðu 10 ára áætlun er í senn hagkvæmari fyrir íbúa héraðsins og rekstrarafkomu rafmagnsveitna ríkisins, telur Alþingi ekki rétt að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. maí 1960.

Magnús Jónsson, Birgir Finnsson, Guðlaugur Gislason.
form., frsm. fundaskr.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Með bréfi, dags. 20. þ. m., óskar heiðruð fjárveitinganefnd umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um virkjun Smyrlabjargaár, Austur-Skaftafellssýslu, þskj. 156.

Virkjun Smyrlabjargaár er tiltölulega kostnaðarsamt fyrirtæki, en í Höfn í Hornafirði er starfandi dísilrafstöð. Við síðustu endurskoðun á 10 ára áætluninni var ákveðið að fresta virkjuninni um nokkur ár og leggja í staðinn veitur um sveitirnar út frá dísilrafstöðinni í Höfn. Var þá m. a. haft fyrir augum, að á þennan hátt ynnist tími til þess að auka raforkunotkun í héraðinu, þannig að markaður yrði fyrir verulegan hluta af orku vatnsorkuversins, þegar það yrði tekið í notkun. Að vísu þarf að auka við vélar í dísilrafstöðinni, til þess að þetta sé hægt, en hitt var líka vitanlegt, að með vatnsorkuverinu er óhjákvæmilegt að starfrækja dísilrafstöð í framtíðinni sem varastöð, bæði fyrir bilunum og fyrir vatnsskortri á sérstökum vatnspurrðartímabilum.

Ríkið hefur yfirtekið dísilrafstöðina í Höfn í Hornafirði, og er rafmagn selt frá henni með sama verði og það er selt frá þeim rafveitum ríkisins, sem taka raforku frá vatnsorkuverum. Dísilrafstöðin svarar allri eftirspurn eftir raforku, eins og nú er, og mun verða aukin að vélum, eins og með þarf, til þess að svara eftirspurn áfram, þangað til vatnsaflsstöðin er komin upp.

Ég fæ ekki séð annað en að þetta muni vera hin hagkvæmasta tilhögun í raforkuframkvæmdum Austur-Skaftafellssýslu, eins og sakir standa, og virðist ekki vera neinn hagur að því að hraða virkjuninni meira en nú er gert ráð fyrir.

Ég vil jafnframt taka það fram, að samkvæmt þessari endurskoðun á 10 ára áætluninni er lagt um sumar sveitir Austur-Skaftafellssýslu fyrr en áður hafði verið gert ráð fyrir og til jafnaðar um sýsluna alla jafnsnemma og fyrirhugað var.

Virðingarfyllt,

Jakob Gislason.